

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 86/2008

frá 4. júlí 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/163/EB frá 20. desember 2007 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar öryggi í járnbrautargöngum í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu og samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 37da (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/756/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„37db. **32008 D 0163:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/163/EB frá 20. desember 2007 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar öryggi í járnbrautargöngum í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu og samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu (Stjtið. ESB L 64, 7.3.2008, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2008/163/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 36, og EES-viðbætið við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 64, 7.3.2008, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.